



# UMBÓTAÁÆTLUN FYRIR SKÓLAÁRIÐ 2021-2022



**BARNASKÓLI HJALLASTEFNUNNAR Í REYKJAVÍK**

## Inngangur

Þessi umbótaáætlun miðar að því að vinna markvisst að gæðum og umbótum í skólastarfinu ásamt því að miðla þekkingu og upplýsingum um starfið. Það er gert meðal annars með því að vinna úr niðurstöðum Skólapúlsins (foreldrakönnun), endurgjöf frá starfsfólki sem fer fram á reglulegum starfsfólksfundum og í starfsfólkssamtölum, niðurstöðum úr samræmdum prófum og lesfimi. Umbótaáætlun skólans er í höndum skólastýru. Umsjón og ábyrgð við skipulag, framkvæmd og úrvinnslu hafa skólastýra og aðstoðarskólastjóri. Hér verður gert grein fyrir þeim umbótum sem unnið verður að á þessu skólaári eða skólaársins 2021-2022.

Síðasta skólaár var þungt og mikil skerðing á skólastarfi. Ákvörðun var tekin um að viðhalda markmiðum frá árinu áður og festa betur í sessi.

## Markmið og eftirlit

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfsins er m.a. að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun. Einnig ber að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við lög og reglur. Huga þarf að gæðum náms og skólastarfs og tryggja að réttindi nemenda séu virt. Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra. Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs. Þau skulu jafnframt fylgja eftir að það mat leiði til umbóta í skólastarfi ef þess þarf.

Í lögum um grunnskóla nr.91/2008 og aðalnámskrá grunnskóla almennum hluta (Menntamálaráðuneytið 2006) er kveðið á um að skólar skuli innleiða aðferðir til að meta skólastarfið. Í gildandi lögum um grunnskóla nr. 91/2008, 36. gr., er kveðið á um innra mat grunnskóla:

Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Grunnskóli birtir opinberlega innra mat sitt, tengsl þess við skólanámsskrá og áætlanir um umbætur.

Í Aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta, (Menntamálaráðuneyti 2011, er kveðið nánar á um fyrirkomulag og viðmið innra mats (sjálfsmats) grunnskóla. Þar segir m.a.:

Sjálfsmat er leið til þess að vinna kerfisbundið að gæðum og umbótum í skólastarfi. Sjálfsmat er einnig leið til þess að miðla þekkingu og upplýsingum um skólastarf. Í sjálfsmati skal koma fram stefna og markmið skóla, skilgreining á leiðum til þess að ná þeim, greining á sterkum og veikum hliðum skólastarfs og áætlun um úrbætur. Megintilgangur þess er að gera starfsfólki skóla auðveldara að vinna að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum.

## Stefna Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík

Meginreglurnar eru grundvöllurinn að öllu starfi Hjallastefnuskóla. Þær eru í reynd bæði stefnuyfirlýsing og hugmyndafræði skólanna og fela í sér þá lífssýn og

mannskilning sem allt starfsfólk sameinast um. Meginreglurnar eru í skýrri forgangsröð þar sem fyrstu reglurnar hafa skýran forgang og hver regla byggir á þeirri sem á undan kemur. Jafnframt er fyrsta reglan innsti kjarni starfsins og koll af kalli umlykur hver regla þá næstu á undan. Að auki búa skólarnir að sérstakri kynjanámskrá sem er unnið að kerfisbundið allt skólaárið. Loks eru handbækur Hjallastefnunnar fyrir kennara og stjórnendur þar sem nánar er kveðið á um daglegt starf. Hver skóli á síðan eigin námskrá sem er í stöðugri mótun og endurskoðun í hverjum skóla. Námskrárnar eru kynntar á heimasíðu skólans og er einnig aðgengileg foreldrum og öðru áhugafólki á skrifstofum skólanna.

## Kynjanámskrá Hjallastefnunnar

Kynjanámskráin er birtingarmynd á hugsjónum Hjallastefnunnar um jafnrétti stúlkna og drengja. Í hinu kynjaskipta skólastarfi er markmiðið að gera báðum kynjum ávallt jafnhátt undir höfði og mæta ólíkum þörfum stúlkna og drengja. Jafnframt er markmiðið að gefa þeim kost á að starfa og leika á eigin forsendum þar sem menning beggja kynja er virt og viðurkennd.

Þessu til viðbótar er gengið út frá þeirri kennisetningu Hjallastefnunnar að kynin öðlist takmarkaða færni og æfi of fáa eiginleika vegna heftandi kynhlutverka og kynjamótunar sem samfélagið ákvarðar á grundvelli kynferðis. Hjallastefnan mætir þessu með að þjálfar bæði kyn í öllum mennskum eiginleikum og eru loturnar okkar kennslutækið til þess. Hver lota stendur í fjórar vikur í senn og eru fyrstu þrjár loturnar á haustönn (sjá skólalagatal) og seinni þrjár á vorönn. Allir þættir kynjanámskrár eru þó ávallt í forgrunni í öllu skólastarfinu.

## Ferlið við matsvinnuna

1. Niðurstöður Skólapúlsins yfirfarnar og kynntar.
2. Rýnt var í ferli við endurgjöf
3. Niðurstöður úr Samræmdum könnunarprófum og lesfimi.
4. Ný lög og reglugerðir, þegar það á við, skoðuð með tilliti til stefnu og sjálfsmats skóla.
5. Styrk- og veikleikar greindir.
6. Stefna skólans yfirfarin.
7. Mats- og umbótaverkefni næsta árs ákveðin.
8. Umbótaskýrsla unnin

## Skólapúlsinn - Aðferðir og framkvæmd

Skólapúlsinn var í annað sinn lagður fyrir foreldra Barnaskóla Hjallastefnunnar. Niðurstöður komu í byrjun mars og voru gögnin rýnd af stjórnendum sem og stjórnendum Hjallastefnunnar. Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar á kennarafundi og þar komu fram ýmsar tillögur að úrbótum og lausnum.

Síðan voru settar upp helstu áherslur og gerð áætlunar um matsverkefni og umbætur fyrir næsta skólaár. Sú áætlun verður síðan yfirfarin reglulega en ný áætlun verður kynnt á starfsmanna- og skólaráðsfundum.

## Niðurstöður Skólapúlsins - Viðhorf foreldra

Þegar lesið er úr niðurstöðum foreldrakönnunar er mikil ánægja með skólastarfið í heild. 98% foreldra eru sammála um að líðan nemanda í skólanum sé góð.

Sömuleiðis líðan nemenda í fríminútum og í kennslustundum.

95,8% foreldra eru ánægðir með hraða úrvinnslu skólans á eineltismálum.

Yfir 90% foreldra eru ánægð með miðlun á stefnu skólans og námskrá.

96% ánægja er með stjórnun skólans og 97% ánægja með hve skólinn mætir þörfum nemenda.

95% foreldra þykir aginn í skólanum hæfilega mikill, tæplega 90% að þyngd námsefnis sé hæfileg, 86,5% eru ánægð með heimasíðu skólans og 95,8% ánægð með síðasta foreldraviðtal.

Þau atriði sem þarfnast úrbóta er þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum en þar voru 51,3% á móti 59,7% á landinu öllu, mismunur var þar 8,4%. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra var 88,2% á móti 88,4% á landinu öllu.

Þegar spurt var um væntingar foreldra um iðnám var mismunur 13,6% á landinu.

Þegar spurt var um tímann sem foreldrar aðstoða við heimanám var einnig mikill munur en í Barnaskólanum er ekkert heimanám fyrir utan lestur. Skýringin á 13,5% mismun felst í því.

Óánægja foreldra með aðstöðu í skólanum kom skýrt fram og að ekki sé enn ljóst með framtíðarhúsnæði skólans. Í almennri umfjöllun kemur fram mikil ánægja með skólastarfið, foreldrar ánægðir með kennara, skólastjórnann og nefna að börnunum sé mætt af miklum kærleika og hlýju.

Í uppbyggingarstarfi skólans sem hefur verið í skólanum hefur kennurum tekist að halda uppi faglegu starfi og náð að skapa þann frið og ró sem Hjallastefnan stefnir að. Starfsfólk fær góð ummæli og er þar talað um hlýlegt og persónulegt viðmót gagnvart börnunum og foreldrum.

Þegar umsagnir foreldra eru teknar saman er þetta sem hér hefur verið greint frá það sem oftast var nefnt. Einnig er mikil ánægja með þjónustu skólabílsins og frístundastarfið. Frjálsræði og heildarhugsun upplifa foreldrar einnig sterkt. Þegar þetta er tekið saman eru foreldrar greinilega vel upplýstir um það starf sem við bjóðum uppá og þá stefnu sem við vinnum eftir.

## Umbótaþættir út frá niðurstöðum Skólapúlsins

### Námsáætlun

Kennarar munu bjóða foreldrum upp á að hafa áhrif á og taka þátt í gerð námsáætlunar með barninu.

## Heimasíðan

Þær ábendingar sem komu um heimasíðuna voru að það vantar myndir af starfsfólki. Það verður bætt úr því. Nokkrir foreldrar nefndu að það þyrfti að uppfæra heimasíðuna og setja hana þannig upp að hún sé skýrari.

## Aðstaða

Það hefur legið fyrir í tíu ár að húsin voru sett hér niður til bráðabirgða. Margir foreldrar kalla eftir húsnæði til framtíðar.

## Sérkennsla

Í Skólapúlsinum kom fram beiðni um frekari samskipti á milli Reykjavíkurborgar og skólans varðandi nemendur með sérúrræði. Haldnir eru fundir á 6 vikna fresti með fulltrúum Reykjavíkurborgar, sálfræðingi, kennsluráðgjafa, hjúkrunarfræðingi og sérkennslustýra skólans ásamt skólastýru.

## Lestur og lestrarmarkmið

### Markmið

- Áframhaldandi jafnvægi á milli hópa, þ.e. að ekki halli á annað kynið
- Að meðaltal hópa sé hærra en 90% viðmið MMS fyrir viðkomandi árgang.
- Að 90% barna í fyrsta bekk hafi öðlast þá lestrarfærni að hægt sé að hraðlestrarprófa þau í janúar

### Aðferðir og mælingar

Lestur er undirstaða alls náms og er því lögð rík áhersla á lestur í Barnaskólanum. Lestur fer fram í ýmsum aðstæðum og fá börn tækifæri til þess að sinna yndislestri daglega.

Nemendur lesa heima fimm sinnum í viku í 15 mínútur í senn. Einnig er keppst við að nemendur lesi upphátt minnst þrisvar til fjórum sinnum í viku fyrir umsjónarkennara. Þau lesa fyrir hvert annað, lesa fyrir yngri nemendur eða hlusti á yngri nemendur lesa.

Átta og níu ára börn sinna hraðlestri daglega, en þar lesa þau upphátt í 3x eina mínútu. Sex og sjö ára börn kynnast svo þessari aðferð í janúar og taka þátt fram á vorið.

Notast er við hraðlestrarprófið Lesfimi frá MMS. Tekin eru mið af sömu viðmiðum og MMS og prófað á skilgreindum tímum í september, janúar og maí ár hvert. Ef nemandi nær ekki 90% viðmið í september/janúar er hann skimaður aftur í nóvember/mars. Er það gert til að kennari sé meðvitaður um stöðu nemenda hverju sinni. Ef ástæða þykir, er nemandi boðinn aukalestur í skólanum til að aðstoða við að ná settum markmiðum.

## Áherslur og umbætur á skólastarfi næstu þrjú árin - Samantekt

Verkefni	Markmið skóla 2019-2020	Markmið skóla 2020 - 2021	Markmið skóla 2021 - 2022
Árangur á samræmdum prófum.	Að skólinn viðhaldi þeim árangri sem náðst hefur undanfarin ár og sé yfir 30 í normaldreifðum einkunum.	Að skólinn viðhaldi þeim árangri sem náðst hefur undanfarin ár og sé yfir 30 í normaldreifðum einkunum.	Að skólinn viðhaldi þeim árangri sem náðst hefur undanfarin ár og sé yfir 30 í normaldreifðum einkunum.
Samstarf við aðra skóla	Viðhalda samvinnu við aðra skóla.	Viðhalda samvinnu við aðra skóla.	Viðhalda samvinnu við aðra skóla.
Eftirfylgni með nám og kennslu af hendi stjórnenda	Gátlisti Menntamálastofnunar verður hafður til hliðsjónar. Stjórnendur veita kennurum uppbyggilega endurgjöf á störfum sínum.	Stjórnendur veita kennurum uppbyggilega endurgjöf á störfum sínum.	Stjórnendur veita kennurum uppbyggilega endurgjöf á störfum sínum.
Skólapúlsinn	Kynntur ítarlega fyrir skólaráði. Ákvörðun um markmið og áherslur tekin og sett í framkvæmd.	Skólapúlsinn lagður fyrir foreldra. Niðurstöður kynntar skólaráði.	Skólapúlsinn lagður fyrir foreldra. Niðurstöður kynntar skólaráði.
Lestraráherslur	Viðhalda þeim árangri sem náðst hefur. Niðurstöður kynntar skólaráði.	Viðhalda þeim árangri sem náðst hefur. Niðurstöður kynntar skólaráði.  90% nemenda ná lágmarks viðmiðum MMS að vori.	Viðhalda þeim árangri sem náðst hefur. Niðurstöður kynntar skólaráði.  90% nemenda ná lágmarks viðmiðum MMS að vori.

		Halda kynjajafnvægi í niðurstöðum.	Halda kynjajafnvægi í niðurstöðum.
Líðan nemenda	Líðan nemenda metin út frá rafrænni mælingu Skólarpúlsins (foreldrakönnun).  Niðurstöður kynntar skólaráði.	Líðan nemenda metin út frá rafrænni mælingu Skólarpúlsins (foreldrakönnun).  Niðurstöður kynntar skólaráði	Líðan nemenda metin út frá rafrænni mælingu Skólarpúlsins (foreldrakönnun).  Niðurstöður kynntar skólaráði
Mentor  Þróunarverkefni	Námsmat í stærðfræði, íslensku og verkgreinum fari fram í Mentor ásamt kynjanámskrá/lykilhæfni. Foreldraviðtöl verði boðuð í gegnum Mentor. Vinna við námsmat í samfélags- og náttúrugreinum hefst. Í upphafi skólaárs verður Mentor kynnt á nákskyningu skólans.	Allt námsmat fari fram í Mentor og sé í takt við áherslur í Aðalnámskrá. Foreldraviðtöl verði boðuð í gegnum Mentor. Í upphafi skólaárs verður Mentor kynnt á nákskyningu skólans.	Allt námsmat fari fram í Mentor og sé í takt við áherslur í Aðalnámskrá. Foreldraviðtöl verði boðuð í gegnum Mentor. Í upphafi skólaárs verður Mentor kynnt á nákskyningu skólans.

## Lokaorð

Starfsfólkshópurinn í Barnaskólanum vinnur saman að því að ná þessum markmiðum með eftirfylgni skólastýru. Allir þættir voru skoðaðir og greindir. Hver einasta athugasemd var skoðuð út frá stöðlum Hjallastefnu og stjórnendur mátu hvort og þá hvernig hægt væri að bregðast við og auka gæði skólans. Ýmsir þættir eru metnir reglubundið og aðrir eins og þörf þykir. Mat í skólastarfinu er gert með fjölbreyttum hætti þar sem stjórnendur, kennarar og annað starfsfólk leggst á eitt að meta gæði og árangur skólastarfsins sem er í stöðugri þróun og uppbyggingu. Miðað er að því að meta styrkleika og veikleika hvers verkefnis og skipulagsþátta. Markmið allra er að gera starfið skilvirkt, efla stefnu skólans og viðhalda gæðum starfsins.

Linda Björk Sigmundsdóttir, skólastýra Barnaskólans í Reykjavík